



Stefnuyfirlýsing Íþróttafélags Hattar í
málum jafnréttis kynja og kynþátta



Á stefnuskrá Hattar er að í öllu starfi sé unnið gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins. Íþróttafélagið Höttur vinnur eftir aðgerðaráætlun gegn einelti hvers konar innan síns starfs og ber stjórnnum deilda að framfylgja þeirri áætlun. Ef uppkoma álitamál eða spurningar varðandi framkvæmd þessarar stefnu skal hafa haft samband við formann Aðalstjórnar sem tekur málið til umfjöllunar á næsta stjórnarfundi.

Jafnrétti kynja og kynþátta

Allir einstaklingar innan Hattar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku, þroska og hæfileika sína, óháð kynferði eða kynþætti.

Áherslur Hattar til stuðnings jafnrétti kynja og kynþátta :

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunun verði ekki liðin.
- Að veita báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft. Aldrei skal gerður greinamunur á drengja- og stúlknaflokkum við útdeilingu æfingátíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum deildum óháð aldri og kynferði. Gerðar skulu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokka.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda eða keppinauta á vegum félagsins.
- Að þess skal gætt að drengja- og stúlknaflokkar félagsins hafi jöfn tækifæri til fjáraflana sem taki mið af þeim verkefnum sem viðkomandi flokkur stefnir að.

Egilsstaðir, fundur aðalstjórnar 26.10.2011

Endurnýjað og samþykkt á aðalfundi Hattar 13.04.2018